



Fréttatilkynning

29 May 2026 15:30:00 GMT

Arion banki hf.: Kaupréttaráætlun starfsfólks

Í kjölfar uppgjors Arion banka hf. vegna fyrsta ársfjórðungs 2026 þann 6. maí 2026 fór fram nýting starfsfólks dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. á kaupréttum á grundvelli kaupréttaráætlunar fyrir árin 2021-2026.

Nýttir voru kaupréttir fyrir samtals 315.859 hluti á genginu 140,56, 101.142 hluti á genginu 143,36 og 42.643 hluti á genginu 155,93. Heildarfjöldi keypra hluta í Arion banka hf. nemur því 459.644 hlutum. Um var að ræða síðasta nýtingartímabil eldri kaupréttaráætlunar fyrir árin 2021-2026.

Ný kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt var samþykkt á aðalfundi bankans árið 2025, og nær hún til alls fastráðins starfsfólks Arion banka hf. og dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. Er áætlunin í samræmi við starfskjarastefnu Arion banka hf. og er markmið hennar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni samstæðunnar.

Gildir hin nýja áætlun til fimm ára frá árinu 2027 til ársins 2031 og tekur hún við af eldri kaupréttaráætlun fyrir árin 2021-2026. Á grundvelli hinnar nýju kaupréttaráætlunar voru í febrúar 2026 gerðir kaupréttarsamningar við starfsfólk bankans og dótturfélaga sem ná til samtals 6.244.677 hluta á ári til ársins 2031. Kaupgengi hlutanna er 199,61.

Heildarfjöldi starfsfólks bankans og dótturfélaga með gilda kaupréttarsamninga er nú 831.

Fyrsta nýtingartímabil samkvæmt hinnar nýju kaupréttaráætlun verður í febrúar 2027.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki hf.: Kaupréttaráætlun starfsfólks](#)